

T I L L A G A

að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um kjör til kirkjuþings
nr. 1075/2017, með síðari breytingu
(Lagt fyrir 59. kirkjuþing 2019)

Flutt af Stefáni Magnússyni
Frsm. Stefán Magnússon

1. gr.

Orðin „og eitt nafn að auki“ í 5. mgr. 12. gr. starfsreglnanna falla brott:

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 7. mgr. 21. gr. og 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Athugasemdir við starfsreglur þessar.

Í síðustu kosningum til kirkjuþings kom fram stór ágalli á nýsamþykktum starfsreglum um kjör til kirkjuþings þar sem í reglunum segir í 5. mgr 12. gr:

„Kjósandi greiðir atkvæði á þann hátt að að hann merkir við jafn mörg nöfn frambjóðenda, sem nemur fjölda aðalmanna í viðkomandi kjördæmi, **og eitt nafn að auki**“.

Með þessu ákvæði, „og eitt nafn að auki“, er í raun komið í veg fyrir að kjósandi geti komið vilja sínum skýrt á framfæri um það hvern eða hverja hann velur til að vera sína fulltrúa, þar sem bæta verður við einu nafni sem gerir það að verkum að einn af þeim sem viðkomandi velur er í raun ekki hans fulltrúi. Það er einnig hægt að stilla þessu svo upp að ef stór hópur er sammála um að tiltekin fulltrúi sé „að auki“ þá gæti viðkomandi orðið aðalmaður þrátt fyrir að allir hafi viljað hann sem varamann.

Ef til vill þyrfti framkvæmdin að verða þannig að kjósandi veldi sína fulltrúa í númeraröð, þannig að röð varamanna kæmi ótvírætt út úr kosningunum.

Framsögumaður mun leggja til að málið verið ekki afgreitt fyrr en á framhaldsþinginu þannig að löggjafarnefndin geti rýnt þessar starfsreglur vel og fengið álit sérfróðra á textanum.